



BJÖRGUNARSVEITIN
ÍSÓLFUR



Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/717
komudagur 7.12.2011

Seyðisfirði, 7. desember 2011.

Varðar: Tillögu til þingsályktunar um Fjarðarheiðargöng. 127.mál, þskj. 127 á 140. löggjafarþingi 2011–2012.

Stjórn Björgunarsveitarinnar Ísólfis á Seyðisfirði fagnar tillögunni og telur að um löngu tímabært mál sé þar að ræða.

Nokkra undanfarna vetur hafa Björgunarsveitirnar á Seyðisfirði og Fljótsdalshéraði farið tugi ferða, á hverjum vetri, á Fjarðarheiði til aðstoðar við fólk á misvel útbúnum bílum og í mjög misjöfnum veðrum. Síðasti vetur var þó sá versti í áraraddir og var fjöldi útkalla á milli 30 og 40 frá vetrarbyrjun og fram í júní og voru lengstu útköllin á bilinu 8 – 10 klukkustundir. Var ástandið svo slæmt um tíma í ársbyrjun að farið var að undirbúa það að senda snjóbil Ísólfis yfir heiðina til að sækja matvörur og lyf þar sem heiðin hafði verið ófær og/eða þungfær í 10 daga samfelld er loks rofaði til. En auk þess að sinna óveðursútköllum á Fjarðarheiði sér Björgunarsveitin Ísölfur jafnframt um sjúkraflutninga á Seyðisfirði og þykir okkur skelfilegt til þess að hugsa að ekki sé spurning um hvort heldur hvenær ófærð á Fjarðarheiði verður til þess að sjúklingur nái ekki í tæka tíð til sérfræðinga.

Stjórn Björgunarsveitarinnar Ísólfis tekur undir efni og rök þingsályktunartillögunnar og hvetur til samþykktar hennar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar
Björgunarsveitarinnar Ísólfis

Örvar Jóhannsson
ritari

Afrit sent: Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar.